

✉ Re: Ósk um umsögn við byggingarleyfisumsókn\_Flekkudalsvegur 21a, L222364, Kjósarhreppi

Búið til	17.8.2021 13:36:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	17.8.2021 13:36:05
Tilheyrir	 202107-0018 - Ósk um umsögn við byggingarleyfisumsókn_Flekkudalsvegur 21a, L222364, Kjósarhreppi

## Efni

Re: Ósk um umsögn við byggingarleyfisumsókn\_Flekkudalsvegur 21a, L222364, Kjósarhreppi

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	17.8.2021 13:36:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjós.is

## Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0018 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps þar sem óskað er eftir umsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands um byggingarleyfisumsókn fyrir frístundahús við Flekkudalsveg 21a.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin með byggingarleyfisumsókninni. Um er að ræða byggingu á einu frístundahúsi á óbyggðiri lóð í frístundabyggð við sunnanvert Meðalfellsvatn í Kjós. Meðalfellsvatn er á náttúruminjaskrá, er vinsælt veiðivatn og við vatnið er stunduð ýmis útivist enda mikil frístundabyggð við vatnið og í næsta nágrenni þess. Grunnrannsókn á lífríki Meðalfellsvatns sem unnin var af Náttúrufræðistofnu Kópavogs árið 2014 sýndu fram á auðugt lífríki með tilliti til vatnagróðurs, smádyra og fiska. Þá virtust vatnsgæði almennt vera í góðu lagi. Mikilvægt er að tryggja að svo verði áfram og fylgjast þarf með mögulegum áhrifum af aukinni uppbyggingu við svæðið.

Áætluð nýbygging stendur í miðri frístundabyggðinni, nálægt innrennsli lækjar í vatnið skammt sunnan við þar sem Sandsá fellur í það. Áætluð staðsetning er ekki mjög nálægt bökkum vatnsins sjálfs. Vegna nálægðar við lækinn ber að tryggja við uppbyggingu að ekki sé hætta á að mengun berist í afrennsli ofanvatns eða úr rotþró.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við byggingaráformin.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Sigurður H. Ólafsson" <[sigurdur@kjós.is](mailto:sigurdur@kjós.is)>

**To:** "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Eftirlit" <[eftirlit@eftirlit.is](mailto:eftirlit@eftirlit.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Minjastofnun Íslands" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn við byggingarleyfisumsókn\_Flekkudalsvegur 21a, L222364, Kjósarhreppi

**Date:** 13.7.2021 11:46:58

Góðan dag.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps var byggingarleyfisumsókn er varðar byggingu á frístundahúsi við Flekkudalsveg 21a, L222364 í Kjósarhreppi:

Niðurstaðan var eftirfarandi:

*"Frestað. Grenndarkynning hefur farið fram. Athugasemd barst.*

*Nefndin óskar eftir umsögnum frá opinberum aðilum, s.s. heilbrigðiseftirliti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun, Byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda."*

Óskað er eftir umsögn varðandi byggingarleyfisumsóknina frá Umhverfisstofnun Heilbrigðiseftirliti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun, að viðbætti Minjastofnun.

Meðfylgjandi er byggingarleyfisumsókn og aðaluppdráttur sem fylgdi umsókninni.

Gott ef umsagnir gætu borist í síðasta lagi 20. ágúst 2021.

*Kær kveðja,*

**Sigurður H. Ólafsson**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps*

*Sími 566 7100 / 898 2297*

*Netfang: skipulag@kjos.is*



## Viðhengi

image001.png (159 KB)

image002.png (5 KB)